

**O P I Ð B R É F****um nýjar kosningar til Alþingis.****7**

20. apríl

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Dóttmerski, Láenborg og Aldinborg.

G j ö r u m k u n n u g t : Með því að Vér höfum með opnu bréfi dagsettu í dag, rofið Alþingi, sem nú er, þá er það allramildilegastur vilji Vor að nýjar almennar kosningar skuli fara fram 20. júní næstkomandi.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalínborg, 20. apríl 1937.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*